Samþykkt þann
24. feb. 2016
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*




AFSTÖÐUMYND MKV.1:500

# BRUNATÆKNILEG ATRIÐI

**Álfhella 12-14** — **Risk Profile V04, 21.01.2016**

**Brunavarnir**

Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun Risk Profile dags. 21. Janúar 2016.

Notkunarskilmálar

Byggingin er í notkunarflokki 1. Forsenda brunavarna í lager er lágt brunaálag vegna geymslu á stáli (um 100 MJ/m² að meðaltali). Endurskoða þarf brunahönnun ef forsendur breytast.

Brunahólfun

Núverandi bygging er ein brunasamstæða, sem skiptist í 3 brunahólf.

Efri hluti veggjar milli lagera er reykhólfandi.

Starfsmannaaðstaða og millipallur verða hluti af brunahólfi viðkomandi lagers.

*Burðarvirki*

Lóðrétt og lárétt burðarvirki í lagerum verður óvarið stálvirki, nema við millipall.

Brunamótstaða burðarvirkis stiga í skrifstofuhluta verður A-R30.

Grindarsperrur yfir skrifstofum veða einangraðar og klæddar plötum og þannig gerðar EI30 sbr. gr. 132.7 í Byggingarreglugerð [1].

Burðarvirki undir steinsteyptum hæðarskilum verða stálsúlur, eldvarðar með málningu R60 og einnig burðarsúlur þaksins sem eru inni í skrifstofubyggingunni.

Burðarvirki starfsmannaaðstöðu á lager verður R30 á neðri hæð og R15 á efri hæð, með REI30 hæðaskilum. Millipallur verður með R60 burðarvirki.

Millipallur verður með R60 stálsúlum, en megin bitar verða R30. Gólf verður óvarið stál. Minni burðarbitar og stálplötur, sem mynda gólf millipallsins verða óvarðar. Meginburðarvirki húss (súlur), undir og við (< 1 m) millipall skulu uppfylla R60 upp í 2 m hæð frá gólfi millipalls.

Útveggir og þök

Útveggir og þök eru byggð úr stáli

*Óbrennanleg einangrun er í veggjum og þaki. Á þaki er þakdúkur í flokki* T.

Klæðningar

Húsin eru klædd utan með stáli og lagerhúsin einnig að innan. Verslunar- og skrifstofuhúsið er klætt innan með plötum í flokki 1.

Starfsmannaaðstaða á lager verður með allar klæðningar í flokki 1 (B-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1).

Gólfefni eru í flokki G.

Flóttaleiðir

Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

Brunaviðvörunarkerfi

Í allri byggingunni er brunaviðvörunarkerfi samkvæmt reglum Brunamálstofnunar og ÍST EN54. Stjórnstöð er við innri dyr í verslun.

ÚT-ljós og neyðarlýsing

skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

Handslökkvibúnaður

Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði *við eldvarnareftirlitið.*

Á hvorri hæð starfsmannaaðstöðu og á nýjum millipalli bætast við 6L léttvatnsslökkvitæki, með slökkvigetu a.m.k. 27A og 183B.

Reyklosun

Þakgluggar eru með auðbrennanlegu plasti til reykræstingar í lagerhúsum, 24 m² í stærra húsinu en 18 m² í því minna.

Sjálfvirk reyklúga er yfir stiga í skrifstofuhluta,1m² að stærð.

# HÚSLÝSING

Þak er úr berandi stálplötum, einangrað með 200mm steinull og klætt með pvc þakdúk.
Húsið verður notað fyrir verslun, skrifstofur og lagerhalds. Fjöldi starfsmanna er 13 manns.

26 bílastæði eru við húsið.
Grunnur, 1.hæð og gólf úr steinsteypu.
Grunnur er einangraður utan frá með 75mm plasteinangrun.
Húsið er byggt upp með stálgrind, klætt með stáli og einangrað með steinull.

Gittersperrur í lofti skrifstofubyggingar eru klæddar með gipsi.
Hitun er með vatnsblásurum, gólfhita og ofnum á 2.hæð skrifstofu.
Loftræsing kemur í gluggalaus rými.
Kólnunartölur:

| | |
|---|---|
| Gólf: | 0,3 W/m²K í skrifstofuhluta, 0,4 W/m²K í vinnurými |
| Þak: | 0,29 / 0,2 W/m²K |
| Veggir: | 0,29 W/m²K |
| Gluggar: | 2,0 W/m² |

Léttir innveggir úr blikkstoðum 35x70 -c600 klætt beggja megin með 2x13mm gipsi.
Gluggar eru álgluggar. Keyrsluhurðir eru stálsamlokuhurðir.

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Húsnæðið er skilgreint sem atvinnuhúsnæði. Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998 m.s.b. Í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Mengurnarvarnarbúnaði á fráveitu og útblástur verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

# SKÝRINGAR

ÚT — MERKTUR ÚTGANGUR

*BRUNASLANGA*

STÆRÐIR

| | | |
|---|---|---|
| 1.HÆÐ | 2.396,1 m² | 21.227,3 m³ |
| 2.HÆÐ | 302,9 m² | 1.158,1 m³ |
| SAMTALS | 2.699,0 m² | 22.506,9 m³ |
| LÓÐ | 9.932,5 m² | |
| NÝTING | 0,26 | |

Staðgreinir: 1400-1-00950120

# BREYTINGAR:

A: Breytingar á skrifstofu/verslunarrými og á starfsmannaaðstöðu sem færist að hluta inn á lager f. svartstál. Millipalli komið fyrir á lager f. ryðfrítt stál og klefi fyrir lyftara tekinn út á lager f. svartstál . 14.01.2016 AMH

25.01.2016

# ÁLFHELLA 12-14, HAFNARFIRÐI

Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt · kt. 120665 - 3169
Anton Örn Brynjarsson verkfræðingur · kt. 270559 - 7199
Fanney Hauksdóttir arkitekt · kt. 170561 - 7249
Haukur Haraldsson tæknifræðingur · kt. 260938 - 2079

AVH — ARKITEKTÚR · VERKFRÆÐI · HÖNNUN

Afstöðumynd

| | |
|---|---|
| Dagsetning: | 18.04.2008 |
| Mælikvarði: | 1:500 |
| Teiknað: | GMJ |
| Yfirfarið: | AMH |
| Breyting: | A |

A-100

Kaupangi · Mýrarvegi · 600 Akureyri · Sími 460 4400 · Fax 460 4401 · avh@avh.is · www.avh.is
Þingholtsstræti 27 · 101 Reykjavík · Sími 561 4400 · Fax 561 4411

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 · 210 Garðabær
27/1 2016